

## Landsáætlun um skógrækt – drög að lýsingu

### Umsögn Samtaka náttúrustofa send í Samráðsgátt 31. janúar 2020

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2568](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2568)

Samtök náttúrustofa (SNS) hafa kynnt sér efni lýsingar verkefnisstjórnar fyrir gerð landsáætlunar um skógrækt 2020, hér eftir skammstafað LSK2020. Eftirfarandi athugasemdum vilja Samtök náttúrustofa koma á framfæri:

#### Stöðugreining/grunnástand

Varðandi tengsl við aðrar áætlanir telja SNS mikilvægt að auk náttúruverndarsvæða (friðlýst svæði og svæði á náttúruminjakrá) verði skilgreind mikilvæg fuglasvæði og flokkun vistgerða (útgefið af Náttúrufræðistofnun Íslands) lögð til grundvallar við umfjöllun um val á landi til skógræktar. Þá er að sjálfsögðu mikilvægt að lög um náttúruvernd verði höfð að leiðarljósi við mótun LSK2020, en það kemur ekki fram í lýsingunni.

Hvað varðar alþjóðasamninga og fjölþjóðasamstarf sem áhrif hefur á gerð landsáætlunar í skógrækt vantar að tilgreina samning um vernd votlendisfarfugla og búsvæða þeirra (AEWA).

#### Kynning og samráð

SNS telja rétt að haft sé samráð við náttúrustofur við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Einnig þær deildir og stofnanir Háskóla Íslands sem sinna vistfræðirannsóknum, s.s. Líf- og umhverfisvísindadeild og Stofnun fræðasetra.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Róbert A. Stefánsson, formaður